



Yfirferð aðalskipulags áður en það er sent til staðfestingar

Gátlisti fyrir yfirferð á aðalskipulagsgögnum áður en þau eru send Skipulagsstofnun til staðfestingar skv. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga.

Í gátlistanum er farið yfir forsendur, stefnu og skipulagsákvæði, umhverfisáhrif, samráð, frágang máls og önnur atriði sem þörf er á að yfirfara áður en aðalskipulagsgögn eru lögð fram til staðfestingar.

Gátlistanum er ætlað að nýtast skipulagsráðgjöfum við gerð aðalskipulags og breytinga á því sem og skipulagsfulltrúum og skipulagsnefnd við yfirferð aðalskipulagsgagna fyrir samþykkt.

FORSENDUR

- Forsendur sveitarstjórnar og markmið með gerð skipulagstillögu eru sett fram með skýrum hætti.
- Gerð er grein fyrir samræmi stefnunnar við gildandi landsskipulagsstefnu, færð eru rök fyrir henni ef um ósamræmi er að ræða.
- Skipulagstillaga er í samræmi við svæðisskipulag og strandssvæðisskipulag (ef við á).
- Skipulagstillaga er í samræmi við meginstefnu gildandi aðalskipulags, færð eru rök fyrir stefnunni ef um ósamræmi er að ræða.
- Stefna er rökstudd m.a. með vísun í samanburð valkosta og niðurstöðu umhverfismats áætlunarinnar.

STEFNA OG SKIPULAGSÁKVÆÐI

- Almenn og sértæk skipulagsákvæði eru sett fram með skýrum hætti í greinargerð.
- Skýrt kemur fram hver er heimilaður fjöldi íbúða, heimilað byggingarmagn og hámarksfjöldi gistirúma á hverjum landnotkunarreit eftir því sem við á.
- Sett eru ákvæði um hæðir bygginga.
- Gerð er grein fyrir veitum s.s. öflun neysluvatns og fyrirkomulagi fráveitu (ef við á).
- Tekið er mið af takmörkunum vegna verndarsvæða, t.d. náttúruverndar, minja, vatnsverndar eða hverfisverndar og náttúruvár (ef við á).
- Verndarsvæði eru afmörkuð með viðeigandi hætti (ef við á).
- Gerð er grein fyrir stöðu deiliskipulags fyrir umrætt svæði (ef við á).

UMHVERFISÁHRIF

- Gerð er grein fyrir áhrifum stefnunnar á umhverfið.
- Fjallað er um þá valkosti sem voru valdir til skoðunar í áhrifamati og lýsing á því hvernig matið fór fram.
- Færð eru rök fyrir þeim valkosti sem settur er fram m.a. með hliðsjón af samræmi við meginstefnu aðalskipulags.



- o Lagðar eru til mótvægisáðgerðir (ef við á) og þær koma fram í skipulagsákvæðum.
- o Ef óvissa ríkir um áhrif er settur fyrirvari um þá þætti sem þarf að skoða betur í umhverfismatskýrslu deiliskipulags.
- o Settur er fyrirvari um matskyldu framkvæmda (ef við á).

SAMRÁÐ

- Óskað hefur verið eftir umsögnum lögbundinna umsagnaraðila, s.s. Vegagerðar, Heilbrigðiseftirlits, Umhverfis- og orkustofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Minjastofnunar, Fiskistofu og annarra hagsmunaaðila, eftir því sem við á.
- Haft hefur verið samráð við hagsmunaaðila á svæðinu við vinnslu tillögunnar.
- Leitað var eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar og/eða svæðisráðs, eftir því sem við á.
- Leitað var eftir umsögn nágrannasveitarfélags (á við ef svæðið liggur að mörkum sveitarfélags).

FRÁGANGUR MÁLS /FRAMSETNING AÐALSKIPULAGS

- Heiti aðalskipulags/-breytingar er lýsandi fyrir staðsetningu og viðfangsefni.
- Skipulagsuppdráttur sýnir svæðið fyrir og eftir breytingu (á við um breytingar á aðalskipulagi).
- Breytingar sem sveitarstjórn samþykkti að auglýsingatíma loknum hafa skilað sér inn á uppdrátt og/eða í greinargerð (ef við á).
- Samantekt á breytingum að lokinni auglýsingu kemur fram í greinargerð (ef við á).
- Eru gögn dagsett; útgáfudagsetning.
- Hefur verið bætt við breytingardagsetningu á gögnin (á aðeins við ef gerðar eru breytingar á gögnum eftir auglýsingu).
- Réttur mælikvarði er á uppdráttum.
- Skýringar eru á öllum táknum á uppdraetti.
- Fram kemur rétt vísun í skipulagslög varðandi málsmeðferð og samþykktir.
- Rétt er vísað á milli skipulagsgagna og fylgiskjala ef við á.
- Reitir fyrir upplýsingar um kynningartíma og samþykkt sveitarstjórnar fylltir út og gögn undirrituð.
- Reitir fyrir staðfestingu Skipulagsstofnunar, dags. og undirritun.
- Reitir fyrir dagsetningu birtingar í B- deild Stjórnartíðinda.
- Gögn ekki merkt sem „Tillaga“.

AÐALSKIPULAG LAGT FRAM TIL STAÐFESTINGAR Í SKIPULAGSGÁTT

- Upplýsingar um kynningartíma, afgreiðslu í nefndum og umfjöllun um athugasemdir/umsagnir sem bárust á kynningartíma (ef við á).
- Afrit af fundargerð með upplýsingum um málsmeðferð sem er óskað samkvæmt skipulagslögum og dagsetning samþykktar eftir auglýsingu í skipulagsnefnd og sveitarstjórn.
- Afrit af auglýsingu í Lögbirtingi.



-
- Afrit af umsögunum og/eða athugasemdum sem bárust á kynningartíma (séu þær ekki í fyrri fasa í Skipulagsgátt).
 - Samantekt á viðbrögðum sveitarstjórnar við athugasemdum ef við á (sé hún ekki í fyrri fasa í Skipulagsgátt).
 - Afrit af auglýsingu um niðurstöðu sveitarstjórnar, hafi borist athugasemdir.
 - Endanleg skipulagsgögn (uppdráttur og greinargerð) með breytingum, ef það á við.
 - Stafræn gögn (ef þau hafa ekki verið lög fram til athugunar og eru óbreytt).
 - Önnur fylgiskjöl eftir því sem við á.
 - Málið er tengt við samsvarandi deiliskipulagi sem auglýst hefur verið samhliða (ef við á).